



OKKAR TEKJUVERND

líf -alla ævi

Tekjuvernd OKKAR gerir gæfumuninn ef til launaskerðingar kemur vegna andláts, örorku, sjúkdóma eða við starfslok.


Tekjuvernd brúar bilið sem myndast á milli núverandi ráðstöfunartekna og greiðslna sem við eigum rétt á ef við verðum fyrir áföllum sem valda tekjumissi. Í boði eru eftirtaldir tryggingakostir sem hægt er að raða saman eftir því sem hentar hverjum og einum.

- Líftrygging
- Sjúkdómatrygging
- Starfsörorkutrygging
- Fjölskylduvernd
- Lánavernd



Tekjuvernd OKKAR auðveldar okkur sömuleiðis að ákveða starfslok á einfaldan hátt. Ráðgjafar OKKAR reikna út uppsöfnuð lífeyrisréttindi á þeim tímapunkti sem við viljum hætta störfum. Þannig getum við skipulagt starfslok **okkar** í tíma, látið Tekjuvernd brúa bil ef á þarf að halda og gengið að viðunandi tekjum vísum þegar við kjósum að láta af störfum.

TEKJUVERND YFIRLITSMYND



**TRAUST VERND GEGN
LÆKKUN LAUNA**

Lífi fylgir ábyrgð – oftast bæði á okkur sjálfum og öðrum. Flest okkar hafa tekist á hendur fjárhagslegar skuldbindingar og sjálfsgætt er að tryggja það með tiltækum ráðum að þær íþyngi okkar nánustu sem minnst.

Vernd fyrir eftirlifandi maka og börn

Líftryggingabætur geta hjálpað eftirlifandi maka og börnum að endurskipuleggja líf sitt í skjóli frá áhyggjum af því fjárhagslega höggi sem oft fylgir andláti.

Líftrygging barna

OKKAR hefur nú fyrst íslenskra félaga bætt dánarbótum barna inn í bótasvið líftrygginga einstaklinga. Þörfin fyrir það framfaraskref er augljós.

Um þessi atriði má sjá nánar í skilmálum félagsins nr. EL 1001.

OKKAR SJÚKDÓMATRYGGING

Sjúkdómatrygging er eingreiðslutrygging sem greiðir skattfrjálsar miskabætur ef alvarleg veikindi knýja dyra. Tryggingin er því traustur bakhjarl í þeim erfiðleikum sem oftast eru fylgifiskur langvarandi veikinda.

Vernd fyrir alla fjölskylduna

Sjúkdómatrygging er fjárhagsleg vernd fyrir okkur sjálf og fjölskylduna okkar. Tryggingin gildir fyrir einstaklinga á aldrinum 18 til 65 ára. Við ákveðum í sameiningu hvaða váttryggingarfjárhæð hentar og hve lengi váttryggingarsamningurinn á að gilda.

Sjúkdómatrygging barna

Veikindi barna geta haft í för með sér mikið tekjutap foreldra. Börn á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára eru tryggð án aukaiðgjalds í sjúkdómatryggingu foreldra sinna vegna neðangreindra sjúkdóma.

Váttryggingarfjárhæð vegna barns er 50% af váttryggingarfjárhæð foreldris, að hámarki kr. 7.000.000,-. Bætur vegna barna skerða ekki sjúkdómatryggingu foreldra.

Bótasvið sjúkdómatryggingar*:

- Krabbamein • Alvarleg brunasár • Góðkynja heilaæxli • Útlimamissir
- Heilaáfall / slag • Hjartaskurðaðgerð • Hjartaáfall / kransæðastífla • MS
- Kransæðauppskurður • MND • Blinda • Ósæðaraðgerð • Alzheimer-sjúkdómur
- Liffæraflutningar • Parkinsonsveiki • Nýrnabilun

*sjá nánar í skilmálum félagsins nr. EC 1002.



FYRIR ÞIG OG ÞÍNA NÁNUSTU

Starfsörorkutrygging veitir fjárhagslega vernd í tengslum við alvarleg slys eða sjúkdóma sem valda tímabundinni eða varanlegri örorku. Flest byggjum við afkomu **okkar** á launaðri vinnu og fæst **okkar** eiga rétt á greiðslum frá vinnuveitanda lengur en að hámarki í sex mánuði ef slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Þær greiðslur sem fást frá Tryggingastofnun og lífeyriskerfinu duga sjaldnast til að unnt sé að halda óbreyttu lífsmynstri. Fæst **okkar** mega við tekjumissi í langan tíma og starfsörorkutrygging getur reynst dýrmætt haldreipi við slík áföll.

Bætur vegna skerðingar á starfsorku

Starfsörorkutrygging OKKAR greiðir bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar skerðingar á starfsorku af völdum slyss eða sjúkdóms. Bætur eru greiddar þegar tjónsatburður veldur því að geta **okkar** til að stunda vinnu á vinnumarkaði skerðist um 50% eða meira.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að við mat á skertri starfsorku er miðað við getu tryggingartaka til að gegna starfi sem telst vera eðlilegt fyrir einstakling með óskerta starfsorku, sem er á svipuðum aldri, með sambærilega starfsreynslu, menntun og verkunnáttu.

Örorkubætur vegna umferðarslysa eru undanskildar í tryggingunni þar sem bætur úr ökutækja-tryggingum greiða fullar bætur vegna afleiðinga þeirra.

Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð er valin á umsókn og er notuð til ákvörðunar mánaðarlegra, tímabundinna örorkubóta og eingreiðslu vegna varanlegrar skerðingar á starfsorku.

Tímabundinn starfsorkumissir*

Bætur eru greiddar mánaðarlega verði vátryggður fyrir tímabundnum missi starfsorku. Fyrstu sex mánuðirnir eru án bóta en síðan eru bætur greiddar í allt að 30 mánuði eða þar til stöðugleika í heilsufari hefur verið náð.

Varanlegur starfsorkumissir*

OKKAR greiðir örorkubætur ef slys eða sjúkdómar valda varanlegri skerðingu starfsorku og fyrir liggur mat þess efnis. Örorkubæturnar eru greiddar í formi skattfrjálsrar eingreiðslu sem tekur mið af tímalengd samningsins og þeirri vátryggingarfjárhæð sem valin hefur verið.

OKKAR hefur tekist að lækka verulega iðgjöld í Starfsörorkutryggingunni. Bótasvið tryggingarinnar er sniðið að þeim tjónsatburðum sem mest er þörf fyrir, en undanskildir eru tjónsatburðir sem bættir eru úr ökutækjetryggingum.

Uppbygging Starfsörorkutryggingar OKKAR er á þá leið að rétthafar bóta sleppa við að greiða tekjuskatt af þeim bótafjárhæðum sem þeir hafa valið sér þegar varanlegt örorkustig liggur fyrir.

*Sjá nánar skilmála félagsins nr. EA 1003.

SKERT STARFSORKA
- FULLAR TEKJUR

Fjölskylduvernd er líftrygging og/eða örorkutrygging sem eru tengdar viðbótarlífeyrissparnaði. Með henni getum við dregið verulega úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem fráfall/örorka fyrirvinnu heimilisins hefur óhjákvæmilega í för með sér. Fjölskylduverndin gefur tækifæri til að auka tryggingavernd á þægilegan hátt þar sem iðgjöld skerða ekki ráðstöfunartekjur.

Hentug leið fyrir ungt fólk



Fjölskylduvernd hentar sérstaklega vel ungu fjölskyldufólki sem er að byggja upp eignir sínar og hefja samtímis séreignarsparnað án þess að hafa úr rúmum ráðstöfunartekjum að spila.

Greiðsla iðgjalda

Iðgjöld Fjölskylduverndar OKKAR eru greidd af viðbótarlífeyrissparnaði og skerða því ekki ráðstöfunartekjur. Komi til tjóns eru váttryggingarbætur greiddar inn á séreign tryggingartakans og lúta því lögum um viðbótarlífeyrissparnað.

Lækkandi váttryggingarfjárhæð með hækkandi séreign

Hver og einn velur váttryggingarfjárhæð við hæfi. Tryggingin gildir til 60 ára aldurs. Línuritinn sýna dæmi um 25 ára karlmann með 400.000 í mánaðarlaun sem kaupir sér fjölskylduvernd.



Um ofangreind atriði má sjá nánar í skilmálum félagsins. Örorkutrygging HA1044 - Líftrygging HL1047.



SNJALLT
SAMSTARF
TRYGGINGA
OG SPARNAÐAR

Lánavernd er nýjung á íslenskum markaði. Hér er um að ræða samsetta líf- og sjúkdómatryggingu sem tryggir greiðslur afborgana og vaxta af íbúðalánnum í tiltekinn árafjölda ef til andláts eða alvarlegs sjúkdóms kemur. Með Lánavernd helst greiðslubyrðin óbreytt og skerðir ekki rétt til vaxtabóta. Lánavernd er því hagstæður kostur fyrir þá sem eru með eða hyggjast taka íbúðalán.

Helstu kostir Lánaverndar:

- Bankinn greiðir af íbúðaláni við alvarlegan sjúkdóm eða andlát samkvæmt skilmálum.
- Bankinn greiðir af íbúðaláni vegna alvarlegs sjúkdóms barna samkvæmt skilmálum.
- Lánaverndin skerðir ekki rétt til vaxtabóta.
- Bætur úr Lánavernd eru skattfrjálssar.
- Greiðsla fyrir Lánavernd er innheimt með afborgunum af íbúðaláni.

GREIÐSLUMÁTI IÐGJALDA

Aldurstengt iðgjald

Aldurstengt iðgjald er algengasti greiðslumáti líf- og sjúkdómatrygginga hér á landi. Iðgjald tekur mið af váttryggingarfjárhæð ásamt aldri. Iðgjald og váttryggingarfjárhæð breytist í samræmi við hækkunar á vísitölu neysluverðs. Váttryggingarfjárhæð helst óbreytt* en iðgjald hækkar á hverju ári í samræmi við aldur þar til 55 ára aldri er náð. Eftir þann tíma er iðgjald fastsett, en váttryggingarfjárhæðin lækkar.

*ath. þó vísitölubreytingar.

Fast iðgjald - lækkandi váttryggingarfjárhæð

Þessi greiðslumáti byggist á því að valin er tiltekin váttryggingarfjárhæð. Iðgjaldið er fastsett og váttryggingarfjárhæðin lækkar árlega í samræmi við áhættu þar til 60 ára aldri er náð. Þessi greiðslumáti er einungis notaður í tengslum við séreignarlífeyrissparnað - Fjölskylduvernd.

Iðgjald skuldfært á séreign

Hægt er að tengja líftryggingu og starfsörorkutryggingu við séreignarsparnað. Iðgjald tryggingar er þá skuldfært á séreignarsjóð viðkomandi og skerðir því ekki ráðstöfunartekjur. Útgreiðslur úr séreignarsjóðum eru heimilar við 60 ára aldur. Við andlát sjóðsfélaga er útgreiðsla heimil í einu lagi og vegna varanlegrar örorku eru greiðslur heimilar á sjö árum, eða þeim árafjölda sem vantar upp á 60 ára lífaldur hins tryggða.



**TRYGGAR
GREIÐSLUR
ÍBÚÐALÁNA**

OKKAR líftryggingar hf. er elsta líftryggingarfélagið á Íslandi. Félagið rekur sögu sína aftur til ársins 1966 þegar Alþjóða líftryggingarfélagið hf. var stofnað. Á þeim ríflega fjörutíu árum sem síðan eru liðin hefur félaginu stöðugt vaxið ásmegin og varðveitt forystuhlutverk sitt á sviði líf-, slysa- og sjúkdómatrygginga. Félagið er eitt öflugasta líftryggingarfélag landsins og viðskiptavinir þess á sviði persónutrygginga og sparnaðar skipta tugum þúsunda.

